

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:30 þriðjudaginn 5. maí 2020 - fjarfundur

Mættir stjórnarmenn: Arngrímur Arnarson, Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigurður Línadal, Viggó Jónsson og Þórdís Bjarnadóttir varamaður. Tómas Árdal varamaður var fjarverandi.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson og Hjalti Páll Þórarinsson.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir. Axel Grettisson var fjarverandi.

Frá Tjarnargötunni: Arnar og Einar

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## 1. Kynning á verkefninu „Gagnvirkt ferðalag“ frá Tjarnargötunni í Reykjavík

Starfsmenn Tjarnargötunnar kynntu verkefnið Gagnvirkt ferðalag fyrir stjórn MN. Í kjölfarið voru umræður og spurningar stjórnarmanna til starfsmanna Tjarnargötunnar.

Arnar og Einar véku af fundi 14:40

Frekari umræður stjórnarmanna um verkefnið.

*Framkvæmdastjóra falið að fá frekari sundurliðun á einstökum kostnaðarliðum verkefnisins. Jafnframt ákveðið að stefna að öðrum fundi um verkefnið n.k. föstudag.*

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:20

Fundarritari HPP